

[HÁSKÓLANÁM Á NORÐURLANDI VESTRA 2010-2011]

FARSKÓLINN

MÍÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á NORÐURLANDI VESTRA

Háskóla nám á Norðurlan di vestra

Lifi

menntabyltingin...

Í þessu blaði, sem gefið er út af Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, finnur þú upplýsingar um háskólanám sem hægt er að stunda í heimabyggð skólaárið 2010 - 2011. Upplýsingarnar koma beint frá háskólunum sjálfum.



Í blaðinu eru einnig viðtöl við nemendur sem hafa lokið námi sínu á heimaslóðum og viðtöl við þrjú þeirra sem sinna háskólanemum í Námsverunum.

Sigríður Tryggvadóttir á Hvammstanga talar um að Námsverið þar skipti miklu máli fyrir heimamenn. Ég held að við, íbúar á Norðurlandi vestra, getum tekið undir orð Sigríðar. Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa af miklum rausnarskap komið upp Námsverum og Námsstofum til að auðvelda fullorðna fólki að fara í nám án þess að flytja í burtu á meðan á námi stendur.

Ef þú hefur hugsað þér að fara í nám næsta haust þá er nauðsynlegt að þú skipuleggir tíma þinn vel. Farskólinn býður háskólanemum meðal annars upp á örnámskeið í tímastjórnun. Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi Farskólans, segir frekar frá þessari þjónustu, sem stendur háskólanemum frítt til boða hér aftar í blaðinu.

Eitt af því sem einkennir fullorðna námsmenn er það hversu samvisskusamir þeir eru í námi sínu. Helga Dóra Lúðvíksdóttir segir frá því að hún hafi lagt allan sinn metnað í að gera vel og skila verkefnum á fagmannlegan hátt og Guðjón Loftsson á Laugabakka segir frá því að hann hafi nýtt kvöldin og helgarnar vel í námi sínu. Viðtölin við þau má lesa í blaðinu.

Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla - háskólans á Hólum talar um menntabyltingu á Íslandi og að símenntunarmiðstöðvar eins og Farskólinn hafi gegnt stóru hlutverki í þeirri byltingu með því að greiða aðgang íbúa að fjarnámi. Hann segir að Háskólinn á Hólum sé virkur þátttakandi í menntabyltingunni. En það eru fleiri sem koma við sögu í þessari byltingu og það eru sveitarfélögin á svæðinu og fólkið sem þau byggir.

Lifi menntabyltingin.

Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Farskólans

Háskólanám á Norðurlandi vestra

Útgefandi:

Farskólinn

- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Sími 455 6010 www.farskollinn.is

Samantekt efnis og myndir:

Farskólinn

Hönnun & prentun:

Nýprent ehf.



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra



Háskólinn Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður upp á fjölbreytt nám í símenntun, frumgreinadeild og viðskiptadeild, auk ýmissa námsleiða á meistarastigi.

Sérstada námsins er meðal annars sú að nemendur geta stjórnað tíma sínum sjálfir, en kennslan fer fram í gegnum fjarnámsvef Háskólans á Bifröst þar sem allir fyrirlestrarnir eru aðgengilegir og geta nemendur nálgast þá hvar og hvenær sem er. Í hverri lotu er vinnuhelgi þar sem nemendur koma á Bifröst og hitta aðra nemendur, hlýða á fyrirlestra og vinna að verkefnum. Hverri lotu lýkur svo með lokaprófi í viðkomandi námsgrein, á viðurkenndum prófstöðvum vítt og breitt um landið en að öðru leyti fer námið alfarið fram í gegnum fjarnámsvef háskólans.

Símenntun

Rekstur smærri fyrirtækja
Diplómanám í verslunarstjórnun
Máttur kvenna I og II

Frumgreinadeild

Undirbúningur fyrir háskólanám

Viðskiptadeild

BS í viðskiptafræði
BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti
MSc in International Business MSc in International Banking and Finance MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

Félagsvísindadeild

MA í menningarstjórnun

Lagadeild

MA í skattarétti

Nánari upplýsingar

Kynntu þér málið á www.bifrost.is



Lee Ann Maginnis

sem uppalin er á Blönduósi, hóf nám í fjarnámi frumgreinadeildar haustið 2008 og útskrifaðist vorið 2009, þá ákveðin í að halda áfram námi við Háskólann á Bifröst

Skemmtilegt samfélag

Góður árangur í frumgreinadeild í fjarnámi veitir forgang að háskólanámi á Bifröst

„Ég ákvað að velja frumgreinadeildina við Háskólann á Bifröst vegna þess að ég var ekki alveg klár á því hvað mig langaði að gera í framtíðinni.

Ég ákvað að fara í frumgreinadeildina í fjarnámi þar sem ég var í fastri vinnu. Eftir að hafa kynnst samfélaginu á Bifröst á vinnuhelgum, var ég staðráðin í að fara í staðnám að frumgreinardeild lokinni.

Ég hóf staðnám haustið 2009 og við það öðlast ég nýja sýn á háskólanámið. Háskólanámið snýst ekki endilega um það að sitja einn inn í herbergi að læra heldur svo margt annað. Bifröst er samfélag þar sem allir eru að gera það sama og þú. Í því felst mikið aðhald. Ég sé ekki eftir því að hafa valið Bifröst og get hikstalaust mælt með því við alla að fara í nám þar.“



Lee Ann Maginnis uppalin á Blönduósi.

Jóhann Ingólfsson
verkefnastjóri Farskólans

Húskarl á kaffikönnunni



Hann segist vera húskarl hjá Farskólanum og gera það sem þarf að gera. „Hér þýðir ekki að vera með neinn pempíuskaþ,“ segir Jóhann húskarl Ingólfsson. „Við göngum öll í tilfallandi störf enda er þetta fámennur og flottur vinnustaður.“

Atvinnutitill Jóhanns er engu að síður verkefnastjórn en hann er rafvirkjameistari að

mennt og hefur meðal annars starfað sem kennari á raf-iðnaðarbraut við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

„Hér er alltaf í nógu að snúast við að halda tölum og tækjabúnaði gangandi svo fjarkennslan gangi snurðulaust fyrir sig ásamt því að sjá til þess að þau 150-160 próf sem nemendur þreyta á Sauðárkróki á vorin og í desember fari fram samkvæmt reglum háskólanna sem nemendur stunda sitt nám við. Ég tek á móti prófum, sendi þau og hef umsjón með yfirsetu.“

-- Í hvaða fjarnám gætir þú hugsað þér að fara sjálfur?

„Það togast tvennt í mér. Annars vegar frekara nám í tengslum við gamla starfið, rafvirkjun t.d. iðnfræði eða tæknifræði og svo heillar sagnfræðin með reglulega millibili. Já, það má kannski segja að það blundi í mér sagnfræðingur en hann sefur löngum stundum.“

-- Sinnirðu svo ekki samstarfsdömunum með því að hella upp á kaffi?

„Jú, það fer vitanlega ekkert frá mér enda er það sérstök listgrein að hella upp á kaffi! Síðan drekk ég það allt sjálfur, en þetta er þetta drekkur kaffi.“

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra:

Hvammstangi Höfðabraut 6

Umsjónarmaður: Sigríður Tryggvadóttir
Sími 451 2607 / 692 8440

Blönduós Pverbraut 1

Umsjónarmaður: Þórhalla Guðbjartsdóttir
Sími 452 4147

Skagaströnd Mánabraut 3

Umsjónarmaður: Björn Ingi Óskarsson
Sími 452 2747 / 868 8774

Sauðárkrókur Við Faxatorg

Umsjónarmaður: Jóhann Ingólfsson
Sími 455 6011

Siglufjörður Ráðhúsið

Umsjónarmaður: Ólafur Þór Ólafsson
Sími 460 5600



Háskólinn
Akureyri

Lærðu heima!

Fjarnám við Háskólann á Akureyri

Háskólinn á Akureyri leggur mikið upp úr því að þjónusta fjarnema sína vel og gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að fólk geti sótt sér háskólamenntun óháð búsetu. Haustið 2010 verður eftirtalið nám í boði í fjarnámi:

Heilbrigðisvísindasvið:

B.S. nám í iðjuþjálfunarfræði

B.S. nám í hjúkrunarfræði (eingöngu í boði á Akranesi)

Hug- og félagsvísindasvið:

B.Ed. nám í kennarafræðum (leik- og grunnskólastig)

Viðskipta- og raunvísindasvið:

B.S. nám í líftækni

B.S. nám í sjávarútvegsfræði

B.S. nám í umhverfis- og orkufræði

B.S. nám í viðskiptafræði

Nánari upplýsingar um námsfarmboð má nálgast á heimasíðu háskólans www.unak.is. Þar má meðal annars fara inn á kynningarvef og panta kynningarefni. Einnig er gott að hafa samband við skrifstofustjóra fræðasviða en það eru:

Heilbrigðisvísindasvið:

Lára Ósk Garðarsdóttir, netfang larag@unak.is, sími 460 8036

Kennaradeild:

Torhildur S. Þorgeirsdóttir, netfang torhild@unak.is, sími 460 8042

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Ása Guðmundsdóttir, netfang asa@unak.is, sími 460 8037

Námsfyrirkomulag fjarnáms er misjafnt eftir deildum og væntanlegir nemendur eru bednir um að kynna sér rækilega hvernig fyrirkomulag

er í því námi sem þeir hyggjast innrita sig í. Fjarnemar greiða sömu innritunargjöld og aðrir nemendur við háskólann kr. 45.000.

Nemendur við Háskólann á Akureyri geta gengið að því vísu að þeir öðlist góða menntun í metnaðarfullu, persónulegu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi. Almennungur, atvinnulíf og stjórnvöld geta treyst því að háskólinn takist á við viðfangsefni með gagnrýna hugsun og heill samfélagsins að leiðarljósi.



Nánari upplýsingar

Heimasíða: www.unak.is Sími: 460 8000

Umsóknarfrestur er til 5. júní



Helga Dóra í vinnunni.

Helga Dóra Lúðvíksdóttir

útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri vorið 2008

Námið lyfti andanum

„Ástæða þess að ég dreif mig í fjarnám var fyrst og fremst löngunin til að fara aftur í nám. Ég hafði lokið almennu verslunarprófi fyrir margt löngu og ætlaði bara að taka mér smá pásu eftir það sem svo lengdist og lengdist þannig að þegar tækifærið gafst þá greip ég það og dreif mig fjarnám þegar boðið var upp á það hjá Farskólanum á Sauðárkróki.“

Helga Dóra guggnaði reyndar í fyrstu atrennu en það sló hana síður en svo út af laginu.

„Ég var mikið í kringum fólk sem var í fjarnámi og það hafði hvetjandi áhrif á mig til að reyna aftur. Ég settist því á skólabeck árið 2004 og lauk námi í viðskiptafræði fjórum árum seinna.“

Helga Dóra hefur stundað fjölbreytta skrifstofuvinnu í gegnum tíðina en starf sem er viðskiptalegs eðlis hefur alltaf höfðað til hennar. Um þessar mundir starfar hún hjá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte hf og segir að námið nýtist henni þar að sumu leyti. „Fjarnámið hefur engu að síður nýst mér í öllu sem

ég tek mér fyrir hendur því það er þroskandi og krefjandi að stunda háskólanám og sjálfsagai skiptir miklu máli. Þá er enginn hæðarleikur að vera á fullu í háskólanámi samhliða því að vera fjölskyldumanneskja með tvö börn. Þegar leið að lokum námsins spurðu börnin mín reglulega hvort þessu færi ekki brátt að ljúka. En ég hefði vitanlega aldrei getað stundað þetta nám nema með ötulum stuðningi frá maka og börnum. Námið var mikil reynsla, skemmtilegur skóli sem ég mun búa að alla ævi. Aukin þekking og lærdómur verður aldrei frá manni tekinn.“

-- **Voru mikil viðbrigði að setjast aftur á skólabeck?**

„Já, viðbrigðin og álagið voru það mikil í upphafi að ég gafst upp – mér fannst ég ekki vera að höndla þetta álag en mætti svo galvösk aftur til leiks tveimur árum seinna. Sjálföryggið eykst til muna í svona námi og það reynir á sjálfsagann því það þarf að vissu leyti að púsla lífinu og tímanum upp á nýtt. Þar fyrir utan voru allar kennslubækur á ensku og það tungumál var orðið aðeins ryðgað. Smám saman lærir maður inn á sjálfan sig í svona námi og álagið var mismikið. Þegar leið á bætti ég töluvert í en annirnar voru miserfiðar.“

Ég var í 50% starfi þegar ég byrjaði í viðskiptafræðinni og nýtti þá hluta dagsins til að læra ásamt því að verja kvöldunum til þess. Síðan var ég komin í fulla vinnu og gott betur áður en ég kláraði námið og þá var ekki mikill tími eftir í sólarhringnum. Mest allt námið fólst í glærum sem ég skoðaði í tölvunni minni, sem og fyrirlesturum. Það er mikill kostur að geta sett fyrirlestur á pásu til að elda kvöldmat og halda svo áfram námi að því loknu. Hvert fag tók eina önn og þurfti ég eingöngu að mæta í Farskólann á tveggja vikna fresti í hverju fagi fyrir sig en fögin gátu verið allt að fimm á önn. Við það bættist síðan verkefnavinna, hópavinna og

fjarnemadagar eða staðarlotur sem fóru þannig fram að við fjarnemar mættum til Akureyrar í um það bil þrjá daga og sátum þar tíma með kennara. Hópavinnan gat verið erfið þar sem þá þurfti að finna tíma sem hentaði öllum, í stað þess að maður vann yfirleitt á eigin hraða á þeim tíma sem hentaði manni sjálfum best. En það var þroskandi að stunda hópavinnu með fólki sem maður þekkti ekki og bjó jafnvel annars staðar á landinu. Við nýttum okkur tölvutæknina og stundum fjarfundarbúnaðinn til að spjalla saman og vinna fram úr verkinu en samstaðan var mikil hjá okkur sem vorum samferða í þessu námi hér á staðnum og við unnum oftast en ekki saman í þessum hópverkefnum. Kostir þessa náms eru fyrst og fremst þeir að ég fór í gegnum það á mínum hraða og á þeim tíma sem mér hentaði.“

-- **Lærðir þú með öðru hugarfari en í „gamla daga“ þegar nám var oftast meira kvöð en ánægja?**

„Algjörlega. Ég lagði allan metnað í að gera vel enda vildi ég skila öllu frá mér á fagmannlegan hátt. Ég var eingöngu í þessu fyrir sjálfa mig og það var gaman að finna að maður gat skilað af sér verki sem virtist kannski í fyrstu óyfirstíganlegt.“

-- **Stóð fjarnámið undir væntingum?**

„Satt að segja hafði ég engar sérstakar væntingar í upphafi en ég er fullkomlega sátt. Námið var gefandi og þroskandi og þar fyrir utan kynntist ég fjölda fólks, þótt ég hafi að mestu leyti lært heima hjá mér.“

Helga Dóra hyggur ekki á frekara háskólanám í bili en lífið sjálft er vitanlega áhugaverðasti skólinn. „Vissulega tók það orku frá mér að demba mér út í háskólanám en að sama skapi lyftir það manni upp að stíga örlítið út fyrir kassann. Lífið á að vera fullt af áskorunum og þótt það sé verulega krefjandi er það fyrst og fremst þroskandi.“

Námsverið á Hvammstanga er endalausum kostum búið fyrir nemendur í fjarnámi. Þar er vitanlega fjarfundabúnaður, FS háhraðanet, aðgangur að tölvum sem og aðstaða til ljósritunar og til að setjast niður og fá sér kaffisopa eða annað frískandi. Það liggur í augum uppi að námsverið er ætlað háskólanemum í fjarnámi, auk annarra fjarnema. Þar eru ennfremur haldin almenn námskeið á vegum Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

Sigríður Tryggvadóttir er hæstráðandi í námsverinu en hún er forstöðumaður bóka- og skjalasafns Húnaþings Vestra.

„Ef ég man rétt var námsverið tekið í notkun fyrir 6-7 árum en ég hef séð um það síðastliðin þrjú ár,“ segir Sigríður. „Tækninni hefur vitanlega fleygt fram og hér væsir ekki um nemendur en flestir mæta þó með sínar eigin fartölvur enda þráðlaust net í boði. Hér er oftar en ekki mikið líf og fjör og í desember í fyrra voru tekin nákvæmlega 99 próf í námsverinu en alls þreyttu þau þrjátíu nemendur.

Nemendur stunda námið nánast algjörlega heima fyrir en hingað getur hver sem er komið, hvenær sem er og breytir engu hvort það er kvöld eða helgi. Þeir sem stunda nám frá Háskólanum á Akureyri koma hingað nokkuð oft í viku og þeir sem eru að læra til leikskólakennara eru alltaf tvisvar í viku. Svo fara nemendur tvisvar til þrisvar á önn í svokallaðar staðarlotur.



Sigríður Tryggvadóttir í námsverinu.

Sigríður Tryggvadóttir er hæstráðandi í námsverinu á Hvammstanga

Námsverið skiptir öllu á Hvammstanga

Um þessar mundir er Háskólinn í Reykjavík með stjórnunarnám hér og mæta nemendur í námsverið tvisvar í viku.

– Í hverju felst þitt starf?

„Mitt starf felst helst í því að tryggja að allir fái þann tíma sem þeir koma til að sækja. Ég held utan um námsgögn, útvega bækur og fleira. Ég fæ öll próf send til mín og sit síðan yfir í prófum. Þegar mest er að gera eru um 20


nemendur í prófi á dag.“

– Veistu alltaf fyrirfram hvaða nám er í boði?

„Já, ég er með það á hreinu en síðan bjóða skólarnir og Farskólinn reglulega upp á námskeið, jafnvel með skömmum fyrirvara. Hingað kemur því reglulega nýtt fólk, nýir námsmenn.“

– Hversu miklu máli skiptir þetta námsver fyrir Hvammstanga og nærliggjandi sveitir?

„Námsverið skiptir óhemju miklu máli og er ekki hægt að hugsa sér Hvammstanga án þess. Lang flestir sem stunda hér fjarnám væru ekki í námi ef þessa námsvers nyti ekki við. Flestir eru í fullu starfi og eru með fjölskyldur og nýta frítímann til að mennta sig enn frekar. Stundum fáum við nemendur sem hafa flosnað upp úr námi en koma til okkar í fjarnám. Þá finna þeir sig á ný.“



Landbúnaðar- háskóli Íslands á Hvanneyri

Búfræðinám (starfsmenntanám)

staðar- og fjarnám tekið inn árlega.

Garðyrkjubraut (starfsmenntanám)

Blómaskreytingar, garðyrkjuframleiðsla. Skógur- og umhverfi og skróðgarðyrkja - staðar og fjarnám, tekið inn annað hvert ár. Hagnýtt nám á framhaldsskólastigi sem krefst þriggja mánaða starfsþjálfunar.

Háskólanám - staðarnám - fjarnámslausnir

- Náttúru- og umhverfisfræði
- Skógfræði og landgræðsla
- Búvísindi
- Hestafræði
- Umhverfisskipulagsbraut þar sem hægt er að taka einstaka grunnáfanga með fjarnámslausnum en viðvera er í séráföngum brautarinnar. Skyldumæting er í verklegar æfingar.

Vinsamlega athugið að fjarnámslausnir Lbhí taka lengri tíma en staðarnám. Auk þess þurfa fjarnámsnemar að uppfylla ákveðin skilyrði og má nefna í því sambandi að nemendur þurfa að koma á staðinn í sérstakar, verklegar lotur. Best er að áhugasamir kynni sér fjarnámið á heimasíðu Lbhí og/eða hafi samband við skólann og afli sér sem besta upplýsinga.

Nánari upplýsingar

Landbúnaðarháskóli Íslands,
Hvanneyri – 311 Borgarnesi
www.lbhi.is



Guðjón Loftsson

býr á Laugabakka og starfar hjá fyrirtækinu Tveir smiðir ehf. á Hvammstanga. Hann útskrifast sem byggingariðnfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík nú í vor

Sveinn verður að meistara!



„Það má eiginlega segja að félagi minn, sem er blikksmiður, sé ábyrgur fyrir því að ég skræði mig í byggingariðnfræðina en hann er sjálfur í þessu námi. Reyndar vantar meiri nýliðun í fagið hér á svæðinu þannig að þetta kemur sér vel,“ segir Guðjón Loftsson sem er núna með sveinspróf í húsasmíði en verður meistari í greininni með hækkandi sól.“

„Ég hóf námið haustið 2007 þannig að þetta er tæplega þriggja ára törn. Ég hefði án efa getað tekið þetta á helmingi skemmri tíma en þá hefði ég þurft að hætta að vinna. Það kom vitanlega aldrei til greina. Það voru svo sem engin viðbrögð að byrja í krefjandi námi en mesta áreynslan felst í því að lesa námsbækurnar eftir strembinn vinnudag. Ég nýti kvöldin og helgarnar vel en rétt fyrir próf fæ ég stundum frí í vinnunni svo ég nái að lesa almennilega fyrir prófin. Tvisvar á önn fer ég til Reykjavíkur og sest á alvöru skólabeck yfir helgi og hlýði á fyrirlestra. Það er ágætis tilbreyting.“

-- Þú öldlast þá réttindi til að skrifa undir sem byggingameistari að námi loknu?

„Mikið rétt. Ég fæ líklega það hlutverk, ásamt öðrum meisturum, að taka út byggingar hér á svæðinu í framtíðinni.“

-- Hyggurðu á frekara nám?

„Ég tek mér án efa ársfrí og hlakka reyndar til að eiga smá líf að lokinni vinnu, annað en skólalíf.“



Nýútskrifaðir leikskólakennarar frá Háskólanum á Akureyri ásamt tveimur viðskiptafræðingum (neðsta röð til vinstri). Berglind er önnur frá vinstri í efstu röð.

Berglind Guðmundsdóttir

leikskólakennari skelti sér í háskólanám á „réttum“ aldri

Hlutirnir reddast ekki

„Mig langaði til að læra meira og ekki skemmdi fyrir að prófgráðan hækkaði launin aðeins,“ segir Berglind Guðmundsdóttir aðspurð um ástæðu þess að hún dreif sig í fjarnám til að öðlast réttindi sem leikskólakennari. Hún vinnur á Furukoti á Sauðárkróki.

„Ég byrjaði upphaflega í fjarnámi frá Kennara-háskólanum árið 2002 en mér líkaði það ekki því ég var nánast ein og eingöngu um nám í gegnum tölvu að ræða. Við vorum tvær hér fyrir norðan, ég og ein á Raufarhöfn en restin var á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þegar nokkrar á leikskólanum mínum og leikskólanum Glaðheimum ákváðu að skella sér í nám árið 2004 dreif ég mig líka. Við vorum eingöngu í skólanum frá 8 til 16 á mánudögum, í gegnum fjarfundabúnað Farskólans sem einn

bekkur, og sveitarfélagið var svo elskulegt að styðja okkur með því að taka okkur ekki af launaskrá á meðan. Það var ótrúlega rausnalegt.“

-- Hefur námið nýst þér í skólanum?

„Vissulega hefur námið nýst mér vel í starfi því öll þekking er af hinu góða. Ég hafði unnið í nokkur ár í leikskóla áður en ég hóf nám.“

-- Kom eitthvað á óvart í fjarnáminu?

„Ekkert nema hversu margar ritgerðir þurfti að gera. Jú og líka þegar við vorum í tvær vikur á hverri vorönn á Akureyri í listgreinum, tjáningu og fleira. Þá stóð námið yfir allan daginn.“

-- Fékkstu stuðning frá bóndanum og börnunum tveimur á meðan á náminu stóð?

„Já, vitanlega en þetta var strembið því ég er kvöldsvæf og lærði því nánast allar helgar þau fjögur ár sem námið stóð

yfir. Morgunstund gefur gull í mund. Þess vegna fer ég snemma að sofa.“

-- Hyggurðu á frekara nám?

„Ég hafði hugsað mér að halda áfram, strax haustið 2008 en þegar ég ætlaði að fara að greiða skólagjöldin fann ég að ég var búin að fá nóg í bili. Ég þurfti hvíld. Ég hef ekki hugmynd um hvað framtíðin ber í skauti sér en útiloka alls ekki frekara nám. Þótt það sé uppörvandi að setjast aftur á skólabeck áttaði ég mig á því hversu gömul ég var, hægari að meðtaka hlutina og fleira í þeim dúr. Það að vera í krefjandi starfi og með fjölskyldu samhliða fullu námi tekur sinn toll. Þetta var hörku vinna en ég sé ekki eftir einni mínútu. Þegar maður eldist áttar maður sig líka á því að í svona námi reddast hlutirnir ekki, maður verður bara að standa sínar skyldur.“



Háskólinn í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík býður upp á fjarnám í:

tölvunarfræði

iðnfræði

frumgreinum

Við Háskólann í Reykjavík er lögð áhersla á góða og hvetjandi kennslu, öfluga þjónustu og stuðning við nemendur. Í fjarnáminu er lögð áhersla á að nemandinn geti stundað námið þar sem honum hentar og þegar honum hentar innan tímaramma hvers námskeiðs.

Tölvunarfræði

Í fjarnámi í tölvunarfræði er boðið upp á 60 eininga kerfisfræðigráðu en nemendur sem hafa lokið gráðunni gefst einnig kostur á að halda áfram og ljúka BS prófi í tölvunarfræði. Framboð námskeiða er þó háð fjölda nemenda hverju sinni. Námsfni og próf er það sama í hefðbundnu tölvunarfræðinámi við skólann og réttindi að loknu prófi eru nákvæmlega þau sömu.

Iðnfræði

Iðnfræði er eingöngu kennd í fjarnámi og er gert ráð fyrir að námið taki þrjú ár samhliða vinnu en með fullu námi má ljúka iðnfræði á einu og hálfu ári. Námið er hagnýtt 45 eininga nám sem skiptist í þrjú svið: byggingariðnfræði, vélidnfræði og rafidnfræði. Til að útskrifast sem iðnfræðingur, sem er lögverndað starfsheiti, þarf nemandi að hafa lokið sveinsprófi í iðngrein á viðkomandi sviði og veitir námið þá rétt til meistarábréfs. Byggingariðnfræðingar fá réttindi til að starfa sem byggingarstjórnar. Þeir geta einnig haldið áfram námi í byggingarfræði (105 eininga BS nám) og er iðnfræðin (45 einingar) metin að fullu inn í það nám.

Frumgreinanám

Frumgreinanám er metnaðarfullt nám fyrir þá sem stefna að háskólanámi en hafa ekki tilskilinn undirbúning. Námið hentar vel fólki úr atvinnulífinu sem þarf frekari undirbúning til áframhaldandi náms á háskólastigi, einnig stúdentum sem þurfa að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum.

FjarMennt Opna háskólans býður fjölda styttri námskeiða og er öllum opin.

Nánari upplýsingar

Kynntu þér fjarnám við Háskólann í Reykjavík á www.hr.is

Ásrún Matthíasdóttir

lektor og verkefnisstjóri fjarnáms í

Háskólanum í Reykjavík

Fjarnám við Háskólann í Reykjavík

Ungt fólk hefur úr mörgu að velja þegar það hugar að háskólanámi og oft getur verið erfitt að ákveða sig og finna hvar áhuginn liggur. Ekki eru allir tilbúnir til að fara í fullt nám í dagskóla, margir vilja stunda nám samhliða vinnu, vilja geta hafið nám án þess að breyta of miklu í lífinu eða til að sjá hvort nægur áhugi er til staðar þegar á hólminn er komið.

Með fjölbreyttu námsframboði og námsskipulagi stuðlar Háskólinn í Reykjavík og aðrir háskólar landsins að því að fleiri nemendur geta sótt sér háskólamenntun um leið og þeir sinna öðrum skyldum sem oft tengjast fjölskyldu og vinnu.

Fjarnám með vinnu og fjölskyldulífi krefst þess að nemandinn skipuleggi tíma sinn vel og hafi brennandi áhuga á náminu. Mikilvægt er að nemandinn sinni náminu jafnt og þétt og sé ósmeykur við að nota nýja tækni við námið. Mörgum hentar þetta form vel þar sem þeir geta unnið sjálfstætt og hafa ekki þörf fyrir að hitta kennara og samnemendur daglega en geta nýtt netið til samskipta og samvinnu.



Margrét Björk Arnardóttir

náms- og starfsráðgjafi **Farskólans**

Örnámskeið og hvatning í boði

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa hjá Farskólanum hljómar spennandi. „Örnámskeiðin felast í því að leiðbeina háskólanemum varðandi vinnubrögð í háskólanámi þar sem áhersla er m.a. lögð á tímastjórnun, skipulag og lestraraðferðir.



Einnig leiðbeini ég varðandi prófundirbúning og próftækni og veiti leiðsögn varðandi ritgerðasmíð og verkefnavinnu. Allt þetta stendur nemendum til boða þeim að kostnaðarlausu.”

-- Þigga ekki flestir þetta með þókkum?

„Stór hluti nemenda gerir það og þegar við höfum farið yfir alla þessa þætti fáum við oft spurninguna: Hvers vegna var þetta ekki kennt í grunnskóla? Ég legg mikla áherslu á að námstækni, sama hvaða nafni hún kallast, er gagnslaus með öllu ef hún er ekki notuð! Vinnubrögð á háskólastigi eru önnur en í grunnskólum og margir þurfa að tileinka sér nýjar námsaðferðir.

Hluti af ráðgjöfinni felst í að leiðbeina þeim sem hafa áhuga á að hefja grunnnám á háskólastigi. Fólk verður að gera sér grein fyrir því hver markmiðin eru með náminu, hvar áhuginn liggur, hvaða starfsvettvangur kemur til greina og fleira í þeim dúr. Stundum hentar háskólanám alls ekki. Margir þigga að fara í svokallaða áhugasviðskönnun og hafa háskólanemar og þeir sem hyggjast leggja stund á háskólanám mest nýtt sér áhugakönnunina STRONG. Stundum eru nokkrar leiðir að markmiðinu og aðstoða ég viðkomandi við að meta réttu leiðina. Auk þess getur verið erfitt fyrir fólk að ákveða hversu mikið það á að leggja á sig á hverri önn til að raska ekki fjölskyldulífinu um of. Það er því að mörgu að hyggja þegar fólk hugar að frekara nám. Það getur verið heilmikil vinna að skipuleggja sig rétt og undirbúa hlutina.”

-- Í hverju felst hvatningin sem er í boði hjá Farskólanum?

„Hún felst fyrst og fremst í því að styðja við bakið á nemendum þegar á móti blæs og hvetja þá sem eru ragir við að byrja til dáða. Það er mikil áskorun fyrir flesta að hefja háskólanám enda fólk oftast en ekki í fullri vinnu samhliða því og af þeim sökum lenda margir í mótlæti. Við þurfum öll stuðning þegar við tökumst á við nýjar og óþekktar aðstæður og sá stuðningur er til staðar hér hjá okkur.”



Keilir

**miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
býður upp á fjölbreytt fjarnám**

Háskólabrú

Nám á Háskólabrú Keilis veitir nemendum góðan undirbúning undir háskólanám og er þróað í samstarfi við Háskóla Íslands. Háskólabrú veitir nemendum rétt til að sækja um nám í flestar deildir Háskóla Íslands, í flestum háskólum á Íslandi sem og í norrænum háskólum. Nemendur á Norðurlandi geta sótt staðlotur og próf á Háskólabrú hjá SÍMEY á Akureyri.

ÍAK einkaþjálfun

Nám í ÍAK einkaþjálfun er skemmtilegt, krefjandi og metnaðarfullt og miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa. Nemendur útskrifast með yfirgrípsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklinga og hæfni til að gera einstaklingsmiðuð æfingakerfi. Bodið er uppá staðlotur á Akureyri.

Flugrekstrarfræði

Nám í flugrekstrarfræði er vottað af Háskóla Íslands sem 60 ECTS nám. Námið er skipulagt með það að leiðarljósi að nemendur geti stundað vinnu samhliða því og veitir það mjög gott forskot á störf í flugiðnaðinum sem er í senn alþjóðlegur, spennandi og margbreytilegur.



Einkaflug og atvinnuflug

Flugvélafloti Keilis er nýstárlegur og hátækniflugvélar eru notaðar til kennslunnar. Boðið er uppá bóklega hluta einkaflugmannsnámsins í fjarnámi sem og stærsta hluta atvinnuflugmannsnámsins. Verklegir tímar eru kenndir hjá Flugakademíu Keilis að Ásbrú en boðið er uppá verklega kennslu á norðurlandi ef nægilega stór hópur næst.

Nemendaíbúðir á Ásbrú

Á Ásbrú hefur nú myndast öflugt samfélag námsmanna og fjölskyldna þeirra sem hafa komið sér fyrir í íbúðum á fyrrum varnarsvæði Bandaríkjahers og er íbúafjöldi í dag um 1800 manns. Uppbygging og umgjörð svæðisins miðar að því að gera Ásbrú að fjölskylduvænu svæði sem gott er að búa á meðan á námi stendur. Íbúðirnar eru stórar og bjartar og samkvæmt könnun Neytendasamtakanna í janúar 2009 er lágsta leiguverð á námsmannaíbúðum á Ásbrú. Allir námsmenn í lánshæfu námi eiga rétt til úthlutunar.

Umsóknarfrestur er til 7. júní 2010

Nánari upplýsingar

www.keilir.net

Háskóli Íslands



Háskólinn býður upp á fjarnám á fjórum fræðasviðum

- Félagsvísindasviði**
- Heilbrigðisvísindasviði**
- Hugvísindasviði**
- Menntavísindasviði**

Almennar upplýsingar um námsframboð í fjarnámi er að finna á slóðinni <http://www.hi.is/is/skolinn/fjarnam>. Upplýsingar um námskeið sem boðið er upp á í fjarnámi má sækja í kennsluskrá eða snúa sér beint til viðkomandi deildar. Slóð inn á kennsluskrána er að finna á upplýsingasíðunni um fjarnám. Kennslumiðstöð sinnir þjónustu varðandi ýmis tæknileg atriði fjarkennslu og er með þjónustu við kennara. Finna má ýmsar tæknilegar og kennslufræðilegar upplýsingar um fjarnám á heimasíðu Kennslumiðstöðvar <http://kemst.hi.is/> eða beina spurningum til kemst@hi.is.

Áhersla hefur verið lögð á að skapa félagslegt námsumhverfi fyrir fjarnemendur. Samskiptaleiðirnar eru í gegnum umræðu- og spjallkerfi, á fjarfundum og staðbundnum lotum. Misjafnt er eftir námskeiðum og námsleiðum hvaða form er helst notað. Kennslumiðstöðin er í samstarfi við háskólasetur og fræðslu- og símenntunarstöðvar á landsbyggðinni vegna fjarnáms við skólann. Þannig geta fjarnemar við HÍ sem staðsettir eru á landsbyggðni sótt fjarfundi í námsverin á sínu svæði, þreytt þar próf, fengið námsaðstöðu og námsráðgjöf óski þeir þess.

Vorið 2009 breyttist öll umsýsla við fjarpróf er stofnuð var sérstöð miðstöð fjarprófa með aðsetur á menntavísindasviði. Miðstöðin sér um allt utnumhald varðandi fjarpróf innanlands og erlendis.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur fyrir nýnema í fjarnámi á haustmisseri er til júníbyrjunar ár hvert á sama tíma og aðrar nýskráningar. Upplýsingar um skráningarfrest í framhaldsnám má sjá á vef viðkomandi fræðasviðs.

Hólaskóli

– Háskólinn á Hólum

Við erum sérhæfð!

Háskólinn á Hólum starfar í þremur deildum: ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalífrræðideild og hestafræðideild. Atvinnugreinarnar sem við þjónum vaxa hratt og þörf er á fleira menntuðu fólki til að byggja þær upp. Við erum sérhæfð og bjóðum hágæða háskólanám á þessum sviðum.

Frábær aðstaða

Hluti af því að sérhæfa sig er að skapa góða aðstöðu. Á Hólum er m.a. stærsta hesthús landsins, þrjár reiðhallir, reiðvöllur og góðar reiðleiðir. Húsnæði fiskeldis- og fiskalífrræðideildar er í Verinu á Sauðárkróki. Þar er frábær aðstaða til rannsókna og kennslu. Góð aðstaða ferðamáladeildar felst í staðsetningu hennar á Hólum í Hjaltadal, einum helsta sögustað þjóðarinnar, sem rammaður er inn í fallega náttúru Tröllaskagans.



Nám í ferðamálafræði og viðburðastjórnun

Háskólinn á Hólum býður BA-nám í ferðamálafræði, diplómanám í ferðamálafræði, diplómanám í viðburðastjórnun og mastersnám í ferðamálafræði. BA-námið og diplómanámið er boðið í fjarnámi. Markmið BA-námsins er að mennta fólk til að taka virkan þátt í þróun ferðaþjónustu, hafa frumkvæði að stofnun fyrirtækja og gegna stjórnunarstöðum á sviði ferðamála. Jafnframt á fólk að fá undirstöðu til að hefja rannsóknatengt framhaldsnám. Í náminu er áhersla lögð á menningu og náttúru hvers svæðis til að auka þekkingu bæði gesta og gestgjafa á náttúru- og menningarverðmætum og afþreyingarmöguleikum sem í þeim felast. Diplómanám í ferðamálafræði er styttri leið sem undirbýr fólk til allra almennra starfa í ferðaþjónustu. Markmið námsins í viðburðastjórnun er að gera nemendur færa til að skipuleggja, fjármagna og stýra viðburði, meta og gera grein fyrir framkvæmd hans.

Nám er varðar auðlindir sjávar og ferskvatns

Hægt er að taka eins árs nám og útskrifast með diplómagráðu í fiskeldisfræði eða eftir þriggja ára nám og fá þá BS-gráðu í sjávar- og vatnalífrræði. Þriggja ára námið er sameiginlegt með líffræðiskor Háskóla Íslands. Jafnframt er boðið meistara- og doktorsnám á þessu fræðasviði á Hólum. Markmið BS námsins er að mennta fólk til starfa við rannsóknir og kennslu og einnig að undirbúa það fyrir frekara nám. Markmið diplómanámsins er að gera nemendur færa um að starfa í fiskeldisstöðvum, koma að stjórnun fiskeldisstöðva og jafnframt að stunda áframhaldandi háskólanám. Diplómanámið er boðið í fjarnámi með staðbundnum lotum.

Nám í reiðmennsku, reiðkennslu og hestafræði

Í ár er boðið í fyrsta sinn upp á BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Meginmarkmiðið er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu og verklega færni í tamningum, þjálfun, reiðmennsku og reiðkennslu. Við lok náms eiga nemendur að vera færir um fagleg störf sem tengjast reiðkennslu, tamningum, þjálfun, keppni og sýningum. Jafnframt eiga nemendur að hafa fengið trausta vísindalega grunnþjálfun sem nýtist til þátttöku í rannsóknaverkefnum, í framhaldsnámi og sjálfstæðri þekkingaröflun á sviði hestaþjálfunar, reiðmennsku og reiðkennslu. Námið tekur þrjú ár en einnig er hægt að útskrifast úr náminu eftir eitt ár með diplómagráðu (leiðbeinendapróf), eða eftir tvö ár með diplómagráðu í tamningum. BS-nám í hestafræðum, sem er sameiginleg námsgráða með Landbúnaðarháskóla Íslands, er einnig í boði. Námið undirbýr fólk fyrir störf í atvinnugreininni við rekstur hrossabúa og fyrir sérhæfða þjónustu, ráðgjöf og hverskyns miðlun þekkingar við hrossaræktendur og hestamenn. Jafnframt er það ákjósanlegur undirbúningur fyrir þátttöku í rannsóknum og/eða framhaldsmenntun í hestafræðum.

Skúli Skúlason

rektor Hólaskóla - Háskólans á Hólum

Menntabygging á Íslandi!

Mikilvægi háskólamenntunar fyrir menningu og atvinnulíf er ótvírætt, ekki síst núna. Á undanförmum árum hafa sveitarfélög, skólar, stofnanir, fyrirtæki og hvers kyns þekkingarsetur víða um land brugðist við þessari þörf með ýmsum hætti. Efling háskólastarfs og hvers kyns þekkingarstarfemi á landsbyggðinni stuðlar að sterkari samfélögum, fjölbreytni í atvinnulífi og nýsköpun.

Í hnotskurn getum við sagt að nú eigi sér stað menntabygging á Íslandi. Símenntunarmiðstöðvar eins og Farskólinn hafa gegnt hér stóru hlutverki með því að greiða aðgang íbúa að fjarnámi við háskóla landsins og með námskeiðahaldi. Háskólinn á Hólum er virkur þátttakandi í menntabyggingunni. Skólinn hefur einbeitt sér að kennslu og rannsóknum í sérhæfum greinum, þ.e. ferðamálafræði, hestafræði, fiskeldisfræði og sjávar- og vatnalífrræði. Boðið er upp á hluta námsins í fjarnámi. Skólinn er í stöðugri þróun og framundan eru spennandi tímar.



Samfélagslegt hlutverk háskóla er mikið. Háskólinn á Hólum er mikilvægt afl fyrir uppbyggingu á Norðurlandi vestra og um land allt. Hér spilar samstarf við aðra skóla, stofnanir, fyrirtæki og þekkingarsetur stórt hlutverk. Við njótum og finnum mikinn almennan stuðning á svæðinu við þróun skólans en slíkt bakland og samstarf er ein grunnforsenda þess að árangur náist. Tækifærin til aukinnar þekkingar og nýsköpunar eru mörg og algjört lyklatríði að það skili sér til samfélagsins og eflir menningu okkar og atvinnulíf. Tökum höndum saman til að láta það takast.